

Alþingi
Erindi nr. P 143/856
komudagur 17.1.2014

Reykjavík 17. janúar 2014

Til nefndarsvið Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, með síðari breytingum, þingskjal 459 - 251. mál.

Til þessa hefur innanríkisráðherra skipað yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna, en ríkislögreglustjóri lögreglumenn skv. 28. gr. núgildandi lögreglulaga. Í 7. gr. frumvarpsins, staflið b, er lögð til sú breyting við 28. gr., að ríkislögreglustjóri skipi yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna, en lögreglustjórar aðra lögreglumenn.

Í athugasemdum frumvarpsins við þessa grein, hvað skipanir yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna varðar, segir m.a., að rökin fyrir því, að færa ekki allar skipanir í einu lagi til lögreglustjóra, séu annars vegar þau, að heppilegt sé að gera breytingar af þessu tagi í áföngum og hins vegar það sjónarmið, að mikilvægt sé að haldið sé á skipanamálum stjórnenda embættanna með samræmdum og tryggum hætti. Álykta má, út frá því orðalagi að færa ekki allar skipanir í einu lagi til lögreglustjóra, að markmiðið sé að færa einnig skipanir yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna til þeirra í framtíðinni. Jafnframt má álykta sem svo, skv. því sem fram kemur í athugasemdunum, að mikilvægt sé að skipanir yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna séu framkvæmdar með samræmdum og tryggum hætti, en slíkt sé þá ekki jafn mikilvægt varðandi skipanir lögreglumanna ?

Hvað skipanir lögreglumanna varðar segir m.a. í athugasemdum að eðlilegt sé að sá sem ber ábyrgð á störfum undirmanna sinna skipi starfsmenn sína, „*enda hefur það stjórnvald sem fer með skipunarvald jafnframt það hlutverk að veita mönnum áminningu, sbr. 21. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins*“. Ég er algerlega sammála því sjónarmiði að rétt sé að sá, sem ber ábyrgð á störfum undirmanna, í þessu tilviki lögreglustjóri, skipi lögreglumenn við sitt embætti, en tel jafnframt að það sama skuli gilda um yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna, sem jafnframt eru lögreglumenn og undirmenn lögreglustjóra. Það er rangt sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að stjórnvald, sem fer með skipunarvald, hafi jafnframt það hlutverk að veita mönnum áminningu. Hið rétta er að skv. 21. gr. starfsmannalaga er það forstöðumaður viðkomandi stofnunar sem veitir áminningu, en ekki skipunarvaldið, nema í þeim tilvikum sem það fer saman.

Með vísan til framangreinds máli ég eindregið með því að færa skipanir allra lögreglumanna til lögreglustjóra, þ.m.t. yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Lögreglustjóri, sem forstöðumaður stofnunar, ber ábyrgð á rekstri hennar, þ.m.t. ábyrgð á öllum sínum undirmönnum og fer með áminningarvald gagnvart þeim. Ég legg því til að b. liður 7. gr. orðist svo:

b. hafa í þrjú ár gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi eða verið stjórnandi innan lögreglunnar, en leggja má saman starfstíma í þessum greinum.

Lögreglustjóri skipar skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna og aðra lögreglumenn til starfa innan síns embættis til fimm ára í senn. Hver sá sem er skipaður lögreglumaður skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði e-liðar 2. mgr. er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar.

Virðingarfyllt,

Jónmundur Kjartansson, 120755-3749
yfirlögregluþjónn